

Fjarðabyggð  
Hafnargötu 2  
730 Reyðarfjörður

Reykjavík, 11. janúar 2023  
UST202203-002/G.S.O.  
08.14.02

### Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 14. desember 2022 þar sem fram kom að tvö frávik hefðu verið skráð í lokunareftirliti á urðunarstað Fjarðabyggðar á Rima í Mjóafirði. Þann 10. janúar barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

### Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 1.7 í fyrirmælum um lokun og frágang. Skila skal niðurstöðum skráninga til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Engar skráningar hafa borist. **Samkvæmt úrbótaáætlun mun Fjarðabyggð skila niðurstöðum skráninga eins fljótt og auðið er.**
2. Gr. 1.8 í fyrirmælum um lokun og frágang. Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á grunnvatni skal vera til staðar. Engin aðstaða er til sýnatöku, hvorki ofan né neðan urðunarstaðarins. **Samkvæmt úrbótaáætlun mun Fjarðabyggð setja niður sýnatökubrunna í Mjóafirði þegar snjóá leysir og fært verður aftur á staðinn. Verkinu verður lokið eigi síðar en 20. ágúst 2023 og verður þá hægt að hefja sýnatöku eins og reglur segja til um.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson  
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir  
lögfræðingur